

Yfirlýsing SFR

með kjarasamningi SFR stéttarfélags og Isavia ohf undirrituðum 3. júní 2010

Félagsmenn SFR hjá ríkinu í fæðingarorlofi hafa í kjarasamningi haft rétt til greiðslu sumarorlofs.

SFR stéttarfélag hefur lagt áherslu á að verja þennan rétt starfsmanna til greiðslu sumarorlofs í fæðingarorlofi. Félagið lítur á þessi réttindi sem þátt í jafnréttisáherslum er varðar starfsmannastefnu ríkisvaldsins í rekstri stofnana sinna og fyrirtækja.

Isavia ohf hefur alfarið hafnað því að réttindi þessi verði áfram í kjarasamningi SFR við félagið. SFR metur það svo að í þessari samningalotu verði ekki unnt að vinna frekar með þessa áherslu félagsins. Jafnframt lítur félagið svo á að málið sé útkljáð. SFR mun í næstu kjarasamningum við Isavia ohf taka þessi réttindi til umræðu á ný, með það að markmiði þau komi inn í kjarasamning SFR og Isavia ohf.

